

---

## Endurbætur á Grafningsvegi efri og efnistaka við Stangarháls

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 15. maí 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um endurbætur á Grafningsvegi efri og efnistöku við Stangarháls, Grímsnes- og Grafningshreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. liði 2.02, 2.03 og 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurbætur á Grafningsvegi og efnistaka við Stangarháls, Grímsnes- og Grafningshreppi. Fyrirspurn um matsskyldu. VSÓ Ráðgjöf, maí 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grímsnes- og Grafningshreppi með bréfi dags. 30. maí 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 7. júní 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 29. maí 2018.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 4. júní 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 1., 4. og 5. júní 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Þann 4. apríl 2018 tilkynnti Vegagerðin til Skipulagsstofnunar endurbætur á 11 km löngum vegkafla Grafningsvegur efri (360-01) og efnistöku úr Stangarhálsnámu. Þar sem eingöngu var búið að hanna hluta vegarins ákvað Vegagerðin að skipta honum í tvo kafla. Hér er til umfjöllunar 5 km af samtals 11 km. Þau gögn sem Vegagerðin lagði fram taki eingöngu til hans. Áfanginn nái frá Nesjavöllum og skammt út fyrir Hagavík. Vegkaflinn er innan verndarsvæðis Þingvallvatns.

Fram kemur að núverandi vegur sé 6-7 m breiður malarvegur auk vegfláa. Framkvæmdin felist í að leggja bundið slitlag á veginn og lagfæra vegfláa á stöðum með það að markmiði að auka umferðaröryggi. Heildarbreidd vegar verði um 6,5 m með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi og fylgi framkvæmdir núverandi vegi. Hæðarlega verði jöfnuð og muni vegurinn að jafnaði hækka um 10-20 cm þegar klæðing leggist ofan á hann. Ræsi verði endurnýjuð og tengingar lagfærðar. Umfang á raski utan vegstæðis sé áætlað um 3,4 hektarar. Gert sé ráð fyrir einu útskoti við Hagavík en í dag sé bílum lagt þar utanvegar. Með afmörkun útskots sé því stýrt hvar hægt sé að leggja bílum og þannig dregið úr álagi á gróður. Gert sé ráð fyrir að hámarkshraði á veginum verði 90 km/klst. líkt og á veginum beggja megin þar sem er bundið slitlag.

Fram kemur í gögnum Vegagerðarinnar að í matsskyldufyrirspurninni sé horft til umhverfisáhrifa heildarefnistöku fyrir báða fyrrnefnda áfanga. Efnisþörf hafi verið áætluð um 50 þúsund m<sup>3</sup> og verði efni tekið úr námu við Stangarháls sem sé innan orkuvinnslusvæðis Nesjavalla, í um 3 km fjarlægð



frá byrjun framkvæmdarsvæðisins við Grafningsveg efri. Náman sé opin og lítið sýnileg í landslagi. Gert sé ráð fyrir að efnistakan verði afmörkuð á rúmlega 6.000 m<sup>2</sup> svæði. Þegar framkvæmd ljúki verði efnistökusvæðið lagað þannig að umhverfinu að fláar verði jafnir og eigi brattari en 1:3. Í námubotni verði ekki skildar eftir lægðir sem geti valdið vatnssöfnun, yfirborð verði snyrtilegt og vélaför jöfnuð út. Efnistöku verði hagað þannig að ef svarðlag sé til staðar verði því ýtt til hliðar við upphaf efnistöku og jafnað yfir sárið að efnistöku lokinni.

Fram kemur að fyrri áfangi framkvæmda fari að stórum hluta um eldhraun og um birkikjarr sem njóti verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Við Hagavík sé þó nokkur skógrækt og þar liggi vegurinn meðfram Þingvallvatni sem sé á skrá yfir mikilvæg fuglasvæði. Þingvallavatn og vatnasvið þess nýtur verndar.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Verndarsvæði (vatnafar, lífríki og jarðminjar)

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdasvæðin, bæði vegurinn og náman, séu innan svæðis sem njóti verndar samkvæmt lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Fyrir liggi aðgerðaáætlun um verndun vatns ef mengunaróhöpp verði innan vatnasviðsins. Með þá aðgerðaáætlun til hliðsjónar muni framkvæmdaraðili viðhafa ákveðið verklag við framkvæmdina sem miði að því að minnka áhættu og lágmarka mengun ef óhöpp af völdum olíu eigi sér stað við framkvæmdir. Verklagið felist m.a. í því að óheimilt sé að geyma varasöm efni þ.m.t. olíu innan verndarsvæðisins, takmarka umfang minniháttar umhverfisatvika og tilkynna mengunaróhöpp strax til réttra aðila.

Fram kemur að fjórar vistgerðir sem hafi hátt eða mjög hátt verndargildi verði fyrir raski, birkiskógur, starungsmýravist, tjarnastaraflóavist og língresis- og vingulsvist. Rask á birkikjarri verði þegar vegfláar verða lagfærðir á um 1 hektara svæði. Efnistaka muni fara fram í gróðurlítilli opinni námu.

Fram kemur að fyrri áfangi endurbóta á Grafningsvegi efri liggi að mestu um Hagavíkurhraun sem sé eldhraun sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Framkvæmdir á veginum verði innan núverandi vegstæðis nema á afmörkuðum svæðum þar sem þurfi að gera vegfláa meira aflíðandi til að auka umferðaröryggi. Við Hagavík sé gert ráð fyrir staðbundnum skeringum á móbergskletti sem liggi þétt við veginn. Umfang á raski utan vegstæðis þar sem vegurinn liggi á eldhrauni sé áætlað um 1,2 ha. Allt rask utan vinnusvæðis verði óheimilt. Námusvæðið sé í móbergi innan jarðhitasvæðisins í Henglafjöllum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að þar sem um sé að ræða verndarsvæði þurfi að gera kröfu um gott eftirlit með framkvæmdinni allan tímann, að mótvægisáðgerðum sé fylgt og ráða þurfi til verksins aðila sem séu kunnir af vönduðum vinnubrögðum svo rask verði sem allra minnst á viðkvæmum svæðum. Ef farið verði í uppgræðslu á röskuðum svæðum þurfi að tryggja að ekki séu notaðar framandi tegundir heldur staðargróður. Tryggja þurfi í framkvæmda- og starfsleyfum að farið sé eftir þeim mótvægisáðgerðum sem framkvæmdaraðili áformi.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að séð verði til þess að öllu raski verði haldið í lágmarki og mótvægisáðgerðum fylgt. Ekki sé gert ráð fyrir að fara í uppgræðslu á röskuðum svæðum þar sem búist sé við að rask í vegköntum vegna framkvæmda verði takmarkað og að gróður muni ná sér á strik án inngrípa. Ef í ljós komi að þörf sé á uppgræðslu verði staðargróður notaður og verkið unnið í samráði við fagaðila.



## Ásýnd

Fram kemur að áhrif vegframkvæmda og efnistöku séu staðbundin og ekki líkleg til að breyta einkennum ásýndar á svæðinu. Náman við Stangarháls sé staðsett þannig í fjallshlíð að hún sé lítið áberandi og sjáist ekki frá fjölförnum svæðum. Við efnistöku verði náman hvorki opnuð meira fram í dalinn né brún hennar nái hærra upp en núverandi brúnir. Raski á yfirborði lands verði haldið í lágmarki og ásýnd svæðisins haldið þannig að náman sjáist ekki utan frá.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að náman hafi verið unnin á einkar snyrtilegan hátt þar sem þess hafi verið gætt að innsýn í hana sé takmörkuð eins og kostur er. Stofnunin telji að leggja eigi áherslu á að standa að efnistöku við umrædda framkvæmd á sambærilegan hátt og gert hafi verið til þessa.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efnistaka úr Stangarhálsnámu verði í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags og lögð verði áherslu á að öll umgengi í og við námuna verði snyrtileg.

## Menningarminjar

Fram kemur að fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða hafi verið fengin til að gera rannsókn á 11 km vegkafla Grafningsvegar efri. Skráðar hafi verið þær minjar sem teljist í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við veginn. Við fyrri áfanga sem hér um ræðir hafi verið skráðar 8 minjar, flestar við Hagavík og ein sem tilheyri Nesjavöllum. Þar sé um að ræða býli, hleðslu, fjárhús, heytóft, tvo túngarða, hellisskúta og eina óþekktu fornleif. Fram kemur að skeringar og fyllingar við veginn séu hannaðar með það í huga að lágmarka rask á fornleifum sem verði merktar áður en framkvæmdir hefjist og verkið unnið í samráði við minjavörð Suðurlands.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að landshættir í Grafningi séu þess eðlis að þröngt sé um núverandi vegstæði og sé því vandasamt og sums staðar vonlaust að hnika veglínu til. Framkvæmdaraðili sé meðvitaður um fornleifar í og við veginn og muni fara í lágmarksrask á þeim stöðum sem vegurinn liggja yfir eða fast við fornleifar. Á þeim forsendum verði veitt leyfi til lagfæringa á Grafningsvegi efri á þeim kafla sem tilgreindur sé í fyrirbyggjandi gögnum. Minjavörður muni fara á vettvang ásamt fulltrúum framkvæmdaraðila til að segja til um hvar sé best að koma merkingum fyrir.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir þeim skilyrðum sem Minjastofnun Íslands setji og verði framkvæmdir unnar í samráði við minjavörð Suðurlands. Minjar sem séu næst veginum verði merktar og girtar af og séð til þess að verktakar og aðrir starfsmenn sem komi að framkvæmdinni séu meðvitaðir um þær.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við staðfest aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020.

Efnistaka úr Stangarhálsnámu er í samræmi við samþykkt deiliskipulag orkuvinnslusvæðis Nesjavalla 16. janúar 2013.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grímsnes- og Grafningshrepps samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hrófla við fornleifum skv. 21. gr. laga um menningarminjar.



## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða endurbætur á Grafningsvegi efri og efnistöku við Stangarháls í Grímsnes- og Grafningshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 2.02, 2.03 og 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og slysaþættu einkum með tilliti til efna eða aðferða sem notaðar eru, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, einkum með tilliti til landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, verndarákvæðum, einkum svæðum sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum eru gerðar endurbætur og lagt bundið slitlag á 5 km vegkafla auk þess sem 50 þúsund rúmmetrar af jarðefni verða unnin úr opinni námu. Framkvæmdir fylgja núverandi vegi, en vegna lagfæringa á vegfláum og tengingum og afmörkunar útskots, er umfang á raski utan núverandi vegstæðis áætlað um 3,4 hektarar. Framkvæmdirnar eru því að mestu á landi sem þegar hefur verið raskað en hafa í för með sér skerðingu á óröskuðu landi, þar af um 1,2 hekturum eldhrauns sem nýtur verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Framkvæmdirnar munu raska vistgerðum sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og nokkrar fornminjar eru í hættu. Vegurinn og náman eru innan vatnasviðs Þingvallavatns sem nýtur verndar samkvæmt lögum eins og fram hefur komið.

Framkvæmdaraðili hefur lýst því yfir að þannig verði staðið að verki að hætta á mengun verði óveruleg. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur í umsögn sinni sagt að gera þurfi kröfu um gott eftirlit með framkvæmdum allan tímann þar sem um verndarsvæði er að ræða, tryggja að mótvægisáðgerðum sé framfylgt og ráða þurfi til verksins aðila sem séu kunnir af vönduðum vinnubrögðum og við uppgræðslu þurfi að nota staðargróður. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að leggja ætti áherslu á að standa jafnsnyrtilega að efnistökkunni og gert hefur verið til þessa. Skipulagsstofnun tekur undir þau álit en minnir á að eftir sem áður þarf við leyfisveitingar til framkvæmdanna að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í 61. gr. náttúruverndarlaga. Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að minjavörður muni veita leyfi til umræddra framkvæmda og fara á vettvang ásamt fulltrúum framkvæmdaraðila til að segja til um hvernig verði staðið að merkingum fornminja.

Framkvæmdin felst í endurgerð vegar sem fylgir núverandi veglínu og efni verður tekið úr opinni námu. Ljóst er að svæðið er ríkt náttúrufarslegum og menningarlegum verðmætum. Brýnt er að þannig verði staðið að verki að menningarminjar verði merktar greinilega þar sem fjöldi þeirra er mjög nærri veginum. Að sama skapi þarf að gæta þess að rask utan veglínu verði í algjöru lágmarki til að raska ekki verðmætum náttúruminum. Gangi það eftir munu að mati Skipulagsstofnunar þættir sem falla undir eðli og staðsetningu framkvæmdarinnar ekki kalla á að framkvæmdin undirgængist mat á umhverfisáhrifum.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við endurbætur á Grafningsvegi efri og efnistöku úr Stangarhálsnámu felast fyrst og fremst í áhrifum á eldhraun, gróður og fornminjar auk mögulegrar hættu á mengun Þingvallavatns. Áhrif röskunar á eldhraun og fornminjar verða varanleg en byggt á framlögðum gögnum eru þau að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði næst



veginum. Vegagerðin áformar mótvægisáðgerðir til verndar umræddum fornminjum, allt rask utan vinnusvæðis verður óheimilt og unnið að uppgræðslu með staðargróðri, reynist þess þörf.

Skipulagsstofnun telur að ef vel tekst til við að verja náttúru- og menningarminjar fyrir raski með þeim áðgerðum sem Vegagerðin áformar þá verði áhrif framkvæmdanna fyrst og fremst bundin við þann tíma sem framkvæmdir standa og svæðið er að jafna sig eftir frágang. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. ágúst 2018.

Reykjavík, 28. júní 2018

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson